

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2020, miðvikudaginn 12. febrúar kl. 9:03 var haldinn 63. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstödd voru: Pawel Bartoszek, Alexandra Briem, Aron Leví Beck, Hjálmar Sveinsson, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Vígdís Hauksdóttir, Daníel Örn Arnarsson og Þór Elís Pálsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Hreinn Ólafsson, Nikulás Úlfar Másson og Gréta Mar Jósepsdóttir. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. febrúar 2020.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar undir 7. lið fundargerðarinnar:

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Reykjavíkur kemur fram að samþykkt var að gefa út framkvæmdaleyfi (Bústaðavegur /Kringlumýrarbraut), vegna m.a. gerðs fráreinar í akstursstefnu til austurs og breikkun rampa til suðurs á Kringlumýrarbraut ásamt breytingu á akstursleið inn á rampann frá norðurakbraut Bústaðavegar og setja ný umferðarljós á rampann. Fagnað er öllum framkvæmdum sem greiða umferð innan borgarinnar. Mjög illa var staðið að þessari framkvæmd. Íbúar Suðurhlíða Reykjavíkur urðu einn daginn varir við vinnuvélar og vörubíla á Bústaðavegi þar sem hann þverar Kringlumýrarbraut og vissu ekki hvað um var að vera á svæðinu. Við eftirgrennslan kom í ljós að búið var að ákveða tímabundna þrengingu á suðurhluta Bústaðavegar vegna framkvæmda við afrein. Hefur þessi þrenging haft margvísleg óþægindi í för með sér fyrir íbúa þessa svæðis. Hér birtist enn og aftur algjört samráðsleysi við hlutaðeigandi aðila sem hafa mikilla hagsmuni að gæta.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gagnbóka undir 7. lið fundargerðarinnar:

Umrædd framkvæmd var á vegum Vegagerðarinnar ekki borgarinnar. Framkvæmdaleyfi var gefið út á grundvelli aðalskipulags. Ekki hafði tíðkast að grenndarkynna framkvæmdaleyfi fram að því. Úrskurður úrskurðarnefndarinnar er skýr og fordæmisgefandi að okkar mati. Rétt er að umferðaraukandi framkvæmdir á borð við þessa fari í grenndarkynningu héðan í frá.

2. **Ellidaárdalur, deiliskipulag** (04.2) Mál nr. SN190373

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal. Skipulagið byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 sem fellt er úr gildi. Í tillögunni eru afmörkuð og skilgreind hverfisverndarsvæði í dalnum, gerð grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Elliðaárna og skilgreind helstu útivistar- og áningarstaðir, samkvæmt uppdr. Landslags. ehf. dags. 10. febrúar 2020. Einnig er lögð fram greinargerð Landslags ehf. um forsendur

deiliskipulags dags. 10. febrúar 2020, greinargerð Landslags ehf. um stefnumörkun og skilmála dags. 10. febrúar 2020, skýringarmynd Landslags ehf. dags. 10. janúar 2020 og drög Borgarsögusafns Reykjavíkur að varðveislumati og húsaskrá fyrir Elliðaárdalinn.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með 4 atkvæðum fulltrúum Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn tillögunni. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata bóka:

Með deiliskipulaginu sem nú verið að auglýsa stendur til að styrkja og festa í sessi stöðu Elliðarárdalsins sem borgargarðs, vernda og varðveita náttúrufar í dalnum um leið og tækifæri til útivistar í dalnum batna enn frekar. Endurbætt stígakerfi fjölgar fjölbreyttum göngu- og hjólaleiðum í dalnum og bætir þannig möguleika borgarbúa til að njóta dalsins á umhverfisvænan hátt. Ekki er gert ráð fyrir nýjum byggingum á svæðinu nema á rafstöðvarsvæðinu og þá aðallega í tengslum við mögulega og sögu- og tæknisýningu. Tillagan fer nú í auglýsingu og til umsagnar hagaðila. Við hlökkum til framhaldsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka:

Nú eru liðin nærri sex ár frá því samþykkt var í borgarráði að vinna nýtt deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn. Lítið var um efndir. Á síðasta kjörtímabili var það ekki gert, en starfshópur borgarinnar skilaði af sér lokaskýrslu um Elliðaárdalinn í apríl 2016. Í þeirri skýrslu var gert ráð fyrir að Þ73 við Stekkjarbakka væri innan borgargarðsins. Í fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárdalinn er ekki gert ráð fyrir að þessi hluti dalsins tilheyri honum. Af þessum sökum greiðum við atkvæði gegn þessu deiliskipulagi.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:

Það er mjög sláandi að við deiliskipulag fyrir Elliðarárdal að sjá að skipulagið taki skarpa beygju fram hjá þróunarreit Stekkjarbakka Þ73, þar sem fyrirhuguð gróðurhvelving/Bio Dome á að rísa. Fjármagnsöflin þurfa sitt. Fyrri hugmyndir gengu út á að reiturinn væri innan þessa mikilvæga útivistar- og náttúrusvæðis sem Elliðarárdalurinn er. Mörk deiliskipulags á öðrum stöðum miðast við útlínur dalsins. Farið var yfir afar fjölbreytt lífríki dalsins og því ljóst að mengunin frá gróðurhvelvingunni mun hafa gríðarleg áhrif á dalinn allan og þá sérstaklega ljósmengunin sem af henni hlýst. Það er mat borgarfulltrúa Miðflokksins að svæðið innan deiliskipulagsins ætti allt að njóta hverfisverndar í stað þess að marka það innan þeirra stíga sem liggja meðfram ánni á báða bóga. Verið er verið að fórna stærstu náttúruperlu Reykvíkinga kinnroðalaust. Hér birtist einbeittur vilji meirihlutans að úthluta óskilgreindum aðilum gæðum í formi borgarlands á kostnað náttúrunnar og lífsgæða Reykvíkinga. Ríkið ætti að friðlýsa svæðið strax og taka Elliðaárdalinn úr höndum Reykvíkinga til þess eins að koma dalnum úr klóm meirihlutans. Með friðun er tryggður réttur komandi kynslóða til að njóta ósnortinnar náttúru. Ósnortin náttúra er takmörkuð auðlind. Elliðarárdalurinn er stærsta auðlind Reykvíkinga – henni er fórnað í þessu deiliskipulagi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar:

Áheyrnarfulltrúi Flokk fólksins fagnar nýju deiliskipulagi fyrir Elliðaárdalinn sem virðist í nær öllum liðum taka á verndun þeirrar náttúruperlu sem dalurinn er inn í borgarlandinu. Það stingur þó verulega í augu að Stekkjarbakkinn Þ.73 skuli vera undanskilinn. Þegar t.d. litið er á loftmynd af svæðinu sést það berlega að þessi landshluti ætti svo sannanlega að fylgja þarna með. Það er vitað mál hvers vegna meirihlutinn stingur þessum hluta landsvæðisins undan í furðulegum ásetningi sínum að reisa þar Aldin Biodome í kröftugri andstöðu við íbúa á svæðinu og jafnvel fjöldi borgarbúa. Því varar Flokkur fólksins alvarlega við því að skjóta undan landsvæði í deiliskipulagi fyrir privat draumsýn borgarmeirihlutans og hvetur hann til að finna þessum glerhjúpi annan betri og raunsærri stað.

Fulltrúi frá Landslagi ehf. Þráinn Hauksson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Grensásvegur 1**, breyting á deiliskipulagi (01.460.0) Mál nr. SN190203 690906-1390 Batteríð Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Lögð er fram, að lokinni auglýsingu, umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 22. mars 2019 ásamt minnisblaði Batterísins dags. 21. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi "Skeifan-Fenin" vegna lóðarinnar nr. 1 við Grensásveg. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni vegna uppbyggingar meðfram Skeifunni og breyting notkunar efri hæða fyrir íbúðir, samkvæmt uppdr. Batterísins arkitekta ehf. dags. 22. mars 2019, breytt 20.09.2019 síðast breytt 06.02.2020. Einnig er lagt fram minnisblað Mannvits dags. 15. mars 2019 um hljóðvist og Greinargerð - Samgöngumat Mannvits dags 17. september 2019. Tillagan var auglýst frá 14. október 2019 til og með 25. nóvember 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Samúel Torfi Pétursson dags. 15. október 2019, Sæmundur H. Sæmundsson, framkvæmdastjóri, f.h. Vesturgarðs ehf. dags. 25. nóvember 2019, Ágúst Valfells, stjórnarformaður f.h. Skeifunnar 13A dags. 25. nóvember 2019 og Friðjón Sigurðarson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs f.h. Reita fasteignafélags hf. dags. 25. nóvember 2019. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá Ragnheiði M. Ólafsdóttur f.h. Reita - skrifstofa ehf. dags. 26. nóvember 2019 og f.h. Reita - verslunar ehf. dags. 26. nóvember 2019. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 13. nóvember 2019. Frestað.

(B) Byggingarmál

4. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423 fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1053 frá 4. febrúar 2020.

5. **Ársskýrsla byggingarfulltrúa 2019** Mál nr. US200037

Lögð er fram ársskýrsla byggingarfulltrúa fyrir árið 2019 dags. í janúar 2010. Í skýrslunni kemur fram tölulegt yfirlit yfir byggingarleyfisumsóknir, byggingarmagn, byggingarleyfi, úttektir, fasteignaskráningu o.fl. samkvæmt skráningum í málaskrá yfir árið. Kynnt.

(D) Ýmis mál

6. **Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir** Mál nr. US130118 innkaup

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í aðalsjóði og eignarsjóði frá janúar til september 2019.

7. **Umhverfis- og skipulagssvið,** Mál nr. US200038
ellefu mánaða uppgjör

Lagt er fram ellefu mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs frá janúar til nóvember 2019.

8. **Fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins,** varðar stöðu framkvæmda á Mál nr.
US200040

göngu- og hjólastíg upp Bryggjubrekku sunnan við Bryggjuhverfi.

Óskað er eftir upplýsingum um stöðu framkvæmda á göngu- og hjólastíg upp Bryggjubrekku sunnan við Bryggjuhverfi. Minnt er á að á fundi ráðsins þann 26. júní 2019 var samþykkt tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 7. maí 2019 um að ráðast í gerð göngustígsins. Hugmyndin hefur einnig verið sett fram í lýðræðisverkefnum Betri Reykjavík og Íbúasamtök Bryggjuhverfisins hafa einnig beitt sér fyrir málinu um árabíl. Á aðalfundi Íbúasamtakanna þann 21. nóvember síðastliðinn fengu félagsmenn samtakanna þær upplýsingar frá starfsmanni borgarinnar að fyrsti áfangi í gerð stígsins ætti að byrja fyrir áramót og seinni áfangi næsta vor. Stígurinn er meðal annars nauðsynleg tenging fyrir íbúa hverfisins í þjónustu á Höfða og nágrenni, svo sem heilsugæslu, verslanir og veitingastaði svo ekki sé minnst á möguleika til útivistar í fallegu útsýni. Ekki er að sjá að framkvæmdir séu hafnar og er því óskað eftir upplýsingum um stöðu málsins.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

9. **Tillaga Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US200041
sem varðar gönguþverun yfir Hringbraut

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið, í samstarfi við Vegagerðina, vinni tillögur að öruggum gönguþverunum yfir Hringbraut. Slysátíðni er mikil á Hringbraut og fjöldi barna þverar götuna daglega á leið til skóla, íþróttar og tómstunda. Gera þarf viðeigandi breytingar á umhverfi Hringbrautar svo tryggt verði raunverulegt öryggi með réttum staðsetningum, götugögnum og búnaði. Skapa þarf öryggistilfinningu og jákvæða hegðun þar sem notendur lesa umhverfið og hættur rétt og bera virðingu hver fyrir öðrum. Tillögurnar verði unnar með hliðsjón af skýrslu um umferðaröryggi í Vesturbæ (febrúar 2016), og að höfðu samráði við íbúaráð og íbúasamtök Vesturbæjar.

Frestað.

10. **Fyrirspurn Flokks fólksins,** Mál nr. US200042
vegna malbikunar í Grafarvogi og á Miklubraut

Nú þegar nokkuð er liðið á veturinn kemur í ljós lélegt viðhald á hluta af sumum götum borgarinnar. Má þar nefna hluta af Höfðabakka frá Stórhöfða að Bíldshöfða akstursstefna í suðurátt. Síðastliðið sumar var þó nokkuð af götum lagfærðar í Grafarvogi, sem er vel, en þessi partur skilinn eftir, sem nú er orðin hættulegur, enda aðal samgönguæðin út úr hverfinu. Sama má segja um hluta af Miklubraut/Vesturlandsvegi frá Grensásvegi að Höfðabakka þá sérstaklega akstursstefna í austur átt. Samkvæmt 11 mánaða

uppgjöri Umhverfis- og skipulagssviðs þá var viðhalda gatna talsvert undir fjárheimildum eða 219 m.kr. á tímabilinu. Hvers vegna var þá ekki farið í viðhald þessara akstursbúta ásamt öðrum þegar bæði var til staðar fjármagn og einstaklega gott sumar?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

11. **Fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US200046
Ítrekun á svörum vegna tillögu frá fundi nr. 23 frá 23. janúar 2019.

Óskað er eftir svörum við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um umferðaröryggi gangandi vegfarenda og skólabarna í Hamrahverfi í Grafarvogi sbr. 22. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 23. janúar 2019.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

12. **Fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US200047
Ítrekun á svörum vegna tillögu frá fundi nr. 23 frá 23. janúar 2019.

Óskað er eftir svörum við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tímalengd götulýsingar sbr. 21. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 23. janúar 2019

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

13. **Fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US200048
Ítrekun á svörum við tillögu frá fundi nr. 33 frá 3. apríl 2019

Óskað eftir svörum við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringu á gatnamótum Strandvegur og Borgarvegur fyrir gangandi og hjólandi sbr. 33. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 3. apríl 2019.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

14. **Fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US200049
Ítrekun á svörum vegna tillögu frá fundi nr. 38 frá 29. maí 2019

Óskað er eftir svörum við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skoðun á kaupum leiguskápa fyrir reiðhjól sbr. 44. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 29. maí 2019.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

15. **Fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US200050
Ítrekun á svörum vegna tillögu frá fundi nr. 42 frá 3. júlí 2019.

Óskað er eftir svörum við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringu á gatnamótum Hallsvegur/Víkurvegur sbr. 44. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 3. júlí 2019.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

16. **Fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins,** Mál nr. US200051
Ítrekun á svörum vegna tillögu frá fundi nr. 15 frá 31.
október 2018.

Óskað er eftir svörum við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um grjótvegg við Miklubraut, Rauðagerði sbr. 20. liður fundargerðar skipulags- og samgönguráðs frá 31. október 2018.

Vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og Skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 10:35

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Alexandra Briem
Aron Leví Beck
Hildur Björnsdóttir

Hjálmar Sveinsson
Eyþór Laxdal Arnalds
Katrín Atladóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2020, þriðjudaginn 4. febrúar kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1054. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Harpa Cíla Ingólfssdóttir, Edda Þórsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Erna Hrönn Geirsdóttir og Olga Hrund Sverrisdóttir.
Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Álfrheimar 44-48 (01.431.303) 105207 Mál nr.
BN057077
031087-2799 Axel Sigurðarson, Álfrheimar 46, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjarlægja hluta af burðarvegg á milli stofu og eldhúss í íbúð 0202 í húsi nr. 46 á lóð nr. 44-48 við Álfrheima.
Umsögn burðarvirkishönnuðar fylgir dags. 13. janúar 2020.
Erindi fylgir ódags. samþykki meðeigenda.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Barmahlíð 18 (01.702.105) 107025 Mál nr.
BN056972
240753-5109 Halldór Gústafsson, Barmahlíð 18, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að íbúðum hefur fjölgað úr tveimur í þrjár, þannig að eignarhluti 01-0101 er skipt í tvær íbúðir, í íbúðarhúsi á lóð nr. 18 við Barmahlíð.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 12. desember 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. Bátavogur 1 (01.451.201) 105600 Mál nr.
BN057214
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja tveggja til fjögurra hæða fjölbylishús auk kjallara fyrir alls 74 íbúðir, mhl. 01 og djúpgáma, mhl. 02, á lóð nr. 1 við Bátavog. Stærðir: 5.207.1 ferm., 15.817.5 rúmm. Nýtingarhlutfall 1.16.
Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.451.2 dags. 20. júlí 2018, hæðablað fyrir Bátavog 1 dags. 1. maí 2019, varmatapsútreikningar unnir af Helga G. Bragasyni dags. 28. janúar 2020 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða móttekið 28. janúar 2020.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
4. Bjargargata 1 (01.631.305) 220421 Mál nr.
BN057208
680515-1580 Gróska ehf., Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN051881 og leggja inn lagfærðar aðalteikningar af 3. hæð húss á lóð nr. 1 við Bjargargötu.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 27. janúar 2020.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

5. Bjarmaland 1-7 (01.854.002) 108773 Mál nr.
BN057177

290682-5769 Gunnar Árnason, Bjarmaland 3, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055640 þannig að gluggi á austurhlið er fjarlægður, sorpgeymsla færð að suðurhlið auk þess sem forstofa er gerð við vinnustofu, í húsi nr. 3 á lóð nr. 1-7 við Bjarmaland.

Stækkun vegna forrými er : 1,8 ferm.,5,3 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

6. Blikastaðavegur 2-8 (02.496.101) 204782 Mál nr.
BN057060

581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN055601, þannig að breytt er innra skipulagi, komið fyrir klifurstiga á norðurhlið, pallur með lyftu gerður í stað ramps og komið fyrir þakkanti á húsið á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.

Minnkun á ferm. er: 13,2 ferm.

Stækkun brúttó : 7,8 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

7. Borgartún 41 (01.349.101) 104109 Mál nr.
BN057081

551214-0600 105 Miðborg slhf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til þess að byggja tæknirými fyrir sameiginlegan bílakjallara reita A, B, C,D, E og F á Kirkjusandsreit, staðsett á reit F og með aðgengi um stigahús sem staðsett er á reit E, Hallgerðargötu 1, á lóð nr. 41 við Borgartún.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 16. desember 2019, bréf hönnuðar dags. 14. janúar 2020. lóðauppdráttur 1.349.1 dags. 25. nóvember 2019, hæðablað 1.349.1 útgáfa C dags. 2. febrúar 2019, greiðslukvittun frá sýslumanni vegna þinglýsingar lóðabreytinga dags. 4. desember. 2019 og greinargerð varðandi lóðarbreytingu dags. 3. desember 2019.

Stærðir: 112.5 ferm., 490.1 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

8. Brautarholt 6 (01.241.204) 103022 Mál nr.
BN056997

670502-3090 XO eignarhaldsfélag ehf, Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055618 og fjölga íbúðum úr sex í átta, tvær stúdíóíbúðir, fimm tveggja herbergja íbúðir og ein fjögurra herbergja á 3. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt.

Erindi fylgir mæliblað 1.241.2 dags. 13. október 1997, afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. nóvember 2019 og bréf hönnuðar dags. 26. nóvember 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. janúar 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. janúar 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 3. febrúar 2020.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. Drápuhlíð 3 (01.702.214) 107058 Mál nr.
BN056393

490318-1190 Take Two ehf., Drápuhlíð 5, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri stækkun svala og breytingum á innra skipulagi, þvottaherbergi er breytt í vinnustofu og verður í eigu kjallaraíbúðar, herbergi 0002 sem áður var í eigu kjallaraíbúðar 0006 verður í eigu íbúðar á 2. hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 3 við Drápuhlíð.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 20. júní 2019 og skýrsla um húsaskoðun dags. 21. janúar 2020.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Lagfæra skráningu.

10. Drápuhlíð 5 (01.702.215) 107059 Mál nr.
BN056394

490318-1190 Take Two ehf., Drápuhlíð 5, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri stækkun svala og breytingum á innra skipulagi, þvottaherbergi er breytt í vinnustofu og verður í eigu kjallaraíbúðar, herbergi 0002 sem áður var í eigu kjallaraíbúðar 0006 verður í eigu íbúðar á 2. hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 5 við Drápuhlíð.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 20. júní 2019 og húsaskoðun dags. 21. janúar 2020.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.

11. Drápuhlíð 42 (01.713.009) 107220 Mál nr.
BN057149
660503-3740 Drápuhlíð 42, húsfélag, Drápuhlíð 42, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka svalir á suðurhlíð íbúða 0104 og 0203 og gera hurð frá íbúð 0001 út á verönd, sem gerð verður með lökkun lóðar við suðurhlíð hússins, á lóð nr. 42 við Drápuhlíð.
Samþykki tveggja eigenda dags. 27. maí 2019, samþykki eins eigenda dags. 27. maí 2019 og umboð frá Kristínu Þórunni Jónsdóttur dags. 5. nóvember 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. Drápuhlíð 44 (01.713.010) 107221 Mál nr.
BN057137
700108-0740 Drápuhlíð 44, húsfélag, Drápuhlíð 44, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka svalir á suðurhlíð íbúða 0104 og 0203 og gera hurð frá íbúð 0001 út á verönd sem gerð verður með lökkun lóðar við suðurhlíð hússins á lóð nr. 44 við Drápuhlíð.
Samþykki tveggja eigenda dags. 27. maí 2019 og samþykki eins eigenda dags. 27. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
13. Efstaleiti 19 (01.745.201) 224636 Mál nr.
BN057141
680404-2590 Yndisauki ehf., Vatnagörðum 6, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og deila rými í kjallara í tvö rými, rými 0107 og 0121, rými 0107 verður nýr veitingastaður í flokki II, tegund a) veitingahús, fyrir hámark 55 gesti í sal og útsvæði, útlitsbreyting verður á suður- og norðurhlíð, gólf veitingastaðar er að hluta til hækkað upp um 70 cm, rými 0121 verður fyrir aðra starfsemi í húsi nr. 23 á lóð nr. 19. við Efstaleiti.
Erindinu fylgja óstimplaðar teikningar frá hönnuði og afrit af teikningum samþykktum 14. maí 2019 með yfirliti yfir breytingar.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
14. Fiskislóð 2-8 (01.115.220) 180624 Mál nr.
BN057210
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
450199-3389 Bónus, Skútuvogi 13, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir 6 sjálfsafgreiðslukössum og fjarlægja snyrtingu og vegg, en snyrting fyrir starfsfólk, ásamt kaffistofu, er á efri hæðum í húsinu á lóð nr. 2-8 við Fiskislóð.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
15. Elliðabraut 4-6 (04.772.301) 195949 Mál nr.
BN057215
671106-0750 Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær

Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN054252, þannig að gerðar eru breytingar á baðherbergjum á öllum hæðum, inngarður er endurhannaður og bílskúrum er fjölgað úr xx í xx, í fjölbýlishúsinu á lóð nr. 4-6 við Elliðabraut.
Stækkun er: XX ferm., XX rúmm
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

16. Freyjubrunnur 31 (02.693.803) 205734 Mál nr.
BN055249

520515-1000 Mánalind ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN052368 þannig að brunakrafa hurða milli anddyris og stigahúss er fjarlægð, rýmisnúmerum í bílageymslu er breytt og fækkað um einn, innra skipulagi anddyris í rými 0401 er breytt og komið er fyrir ræstiaðstöðu í rými 0202 í fjölbýlishúsinu á lóð nr. 31 við Freyjubrunn.

Erindi fylgir samþykki húsfélags dags.22. janúar 2020.

Gjald kr. 11.000 + 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. Friggjarbrunnur 32 (05.053.304) 205957 Mál nr.
BN055775

170569-3269 Bjartmar Örn Arnarson, Gvendargeisli 42, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN036790 með því að breyta byggingarlýsingu varðandi glugga, innveggi, svalahandrið, óuppfyllt rými er breytt í geymslu, geymslu breytt í bað/þvott og komið er fyrir eldhúsi og stofu í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 32 við Friggjarbrunn.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. október 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. janúar 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. janúar 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 20. janúar 2020.

Vottun innveggja frá framleiðanda ódags.

Stækkun vegna óuppfyllts rýmis er: 17,7 ferm., 38,8 rúmm.

Gjald kr. 11.200 +11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

18. Gerðarbrunnur 40-42 (05.056.304) 206059 Mál nr.
BN057088

200985-3119 Einar Örn Rafnsson, Gerðarbrunnur 42, 113 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054287 vegna lokaúttektar, staðsetningu tækja í innréttingum, opnun hurða, gerð veggja, svala og útihandriða hefur verið breytt í húsi nr. 42 á lóð nr. 40-42 við Gerðarbrunn.
Erindi fylgir ódagsett bréf hönnuðar um yfirlit breytinga.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

19. Grundarstígur 5A (01.184.003) 101998 Mál nr.
BN057223

110763-5579 Hörður Guðjónsson, Grundarstígur 5A, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að rífa mhl. 01 á lóð nr. 5a við Grundarstíg.
Stærð niðurrifs: F2006805, mhl.01.: 110,8 ferm., 300 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

20. Gylfaflöt 4 (02.578.202) 224861 Mál nr.
BN057144

521017-0660 GF-4 ehf., Aflakór 9, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BNxxxxxx þannig að uppbyggingu og einangrunarþykkt utanhússklæðningar er breytt á húsi nr. 4 við Gylfaflöt.
Erindi fylgir greinagerð Eflu um val og hönnun brunavarna dags. 12. nóvember 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

21. Haðaland 1-7 (01.864.001) 108809 Mál nr.
BN057186

051057-7169 Sigurður Þ K Þorsteinsson, Brautarland 20, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN056756, sem felst í því að gluggum og hurðum er breytt að hluta ásamt því að teikningum og rýmisnúmerum er breytt til samræmis við verkeikningar einbýlishúss nr. 5, mhl.03, á lóð nr. 1-7 við Haðaland.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.

22. Hagamelur 39-45 (01.526.004) 106072 Mál nr.
BN057172

430101-2420 Melabúðin ehf., Hagamel 39, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að opna á milli eigna, 0101 sem er atvinnuhúsnæði og 0102 í mhl. 02, breyta íbúð 0102 í atvinnuhúsnæði og koma fyrir kælum í rými 0101 og kæli og stafsmannaaðstöðu í rými 0102, í fjölbýlishúsinu nr. 41 á lóð nr. 39-45 við Hagamel.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. janúar 2020 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 3. febrúar 2020.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

23. Hagasel 23 (04.937.701) 112913 Mál nr.
BN057091

510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús sem fellur undir búsetuúrræði Velferðarsviðs og Félagsbústaða, á tveimur hæðum með átta íbúðum, úr krosslímdum timbureiningum, einangrað og klætt með viðarklæðningu að utan, á lóð nr. 23 við Hagasel.

